

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Söfnunarstefna 2015-2017

Hlutverk

Hlutverk safnsins er að safna, skrásetja, varðveita og rannsaka menningarminjar sem eru einkennandi fyrir menningararf borgarinnar og miðla sögu hennar og menningu frá landnámi til samtímans. Safnið sinnir minjavörslu í Reykjavík og heldur skrár yfir fornleifar, hús og mannvirki í borginni. Safnið sinnir sýningarhaldi, fræðslustarfsemi og útgáfu í samræmi við fjárhags- og starfsáætlun ár hvert.

Borgarsögusafn Reykjavíkur starfar samkvæmt lögum um starfsemi safna og menningarminjar, samþykktum og siðareglum Alþjóðaráðs safna. Safnið stuðlar að varðveislu menningarminja í Reykjavík með þeim hætti að borgarbúar og gestir þeirra hafi sem bestan aðgang að menningararfi borgarinnar.

Sýningarstaðir safnsins eru í Árbæjarsafni, Landnámssýningunni í Aðalstræti, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Sjóminjasafninu í Reykjavík og Viðey, auk þess sem starfsemi safnsins er sýnileg víðar í borgarlandinu, t.d. með sögugöngum og menningarmerkingum.

Leiðarljós

Borgarsögusafn verði í sterkum og sýnilegum tengslum við samfélagið, sé áreiðanlegt, upplýsandi og aðgengilegt, hvetji gesti sína til þátttöku og þjóni öllum af alúð.

Borgarsögusafn sýni fagmennsku við söfnun, skráningu og varðveislu á menningarminjum, miðli fjölbreyttri sögu borgarinnar á forvitnilegan hátt, vekji fólk til umhugsunar, sé skapandi og skemmtilegt.

Starfsemi Borgarsögusafns sé kraftmikil, traust, markviss og skýr.

Markmið

Söfnunarnefnd Borgarsögusafns Reykjavíkur gerir tillögur að söfnunarstefnu fyrir safnið og leggur fyrir safnstjóra til samþykktar. Söfnunarstefnu safnsins skal taka til endurskoðunar reglulega.

Borgarsögusafn Reykjavíkur safnar munum og ljósmyndum sem varpa ljósi á sögu Reykjavíkur. Safnkostur Borgarsögusafns er grundvöllur sýninga þess og rannsókna. Hann

skal endurspeglar hlutverk safnsins og er ætlað að styðja við og styrkja annað safnastarf. Söfnunarstefna Borgarsögusafns byggir á hlutverki þess, þörfum sýningarstaða og væntanlegum sýningum safnsins.

Söfnunartímabil

Mörk í tíma eru engin, sérstök áhersla er á söfnun samtímaminja í tengslum við afmörkuð verkefni.

Söfnunarsvæði

Landfræðileg mörk eru borgarlandið og nágrennasveitarfélög þar sem ekki eru minjasöfn. Við söfnun ljósmynda er horft til myndefnis sem endurspeglar sem best íslenskan ljósmyndaarf, með áherslu á myndefni sem tengist Reykjavík.

Sérsvið Borgarsögusafns

Kjarninn í söfnunarstefnu Borgarsögusafns Reykjavíkur er:

- Saga og þróun Reykjavíkur sem landsvæðis og höfuðborgar
- Hversdagsmenning og daglegt líf íbúa
- Atvinnuhættir með sérstaka áherslu á sjóminjar
- Ljósmyndir sem endurspeglar íslenskan ljósmyndaarf

Sérstök áhersla 2015-2017

- Sjóminjar í tengslum við gerð nýrrar grunnsýningar
- Söfn ljósmyndara frá 1930-1950
- Gripir sem tengjast sögu og vinnu kvenna í tengslum við nýja sýningu

Safnkosturinn skal styðja við sýningarstefnu safnsins og styrkja sýningar í safnhúsum Árbæjarsafns og á öðrum sýningarstöðum. Safnkosturinn á einnig að veita innblástur fyrir nám og sköpun og ýta undir samfélagslegar umræður er varða fortíð, nútíð og framtíð.

Einstakir munaflokkar

Hlutverk Borgarsögusafns Reykjavíkur er að safna munum sem tengjast sögu borgarinnar og því eru munaflokkar fjölbreyttir og margir. Á sama tíma er starfsemi safnsins háð þeim takmörkunum sem geymslupláss og mannaflí setja því. Nauðsynlegt er að velja muni af kostgæfni, sérstaklega ef þeir eru plássfrekir.

Sérsvið og safnheildir

Sérsvið Borgarsögusafns hvað varðar almenna muni er hversdagsmenningin, daglegt lífi íbúa Reykjavíkur með áherslu á líf kvenna og barna.

Lausir munir í almennri munaskrá skiptast í nokkra efnisflokka:

Heimilishald. Búsáhöld, húsgögn, heimilistæki. leikföng.

Atvinnulíf. Iðnminjar, verslun og þjónusta.

Stofnanir. Skólar, lögregla, slökkvilið, strætisvagnar.

Textílar. Heimagerður fatnaður, þjóðbúningar, einkennisbúningar, hannyrðir.

Tómstundir/listir. Íþróttir, skátar, stofumálverk, híbýlaskraut.

Hlutverk Sjóminjasafnsins er að safna, varðveita og rannsaka sjóminjar sem einkanlega hafa gildi fyrir sögu Reykjavíkur. Helstu minjaflokkar eru:

1. Árabátatíminn og fornir sjávarhættir. 2. Skútur og togarar. 3. Fiskvinnsla. 4. Kaupsiglingar. 5. Skipasmíðar og veiðarfæragerð, iðnaður og þjónusta tengd sjávarútvegi og siglingum. 6. Reykjavíkurhöfn. 7. Landhelgisgæslan, Siglingastofnun og fleiri stofnanir tengdar útgerð og kaupsiglingum. 8. Siglingafræði, vélfræði, fjarskipti á sjó. 9. Aðbúnaður og slysavarnir. 10. Strandmenning, sambúð mannsins við hafið.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur safnar ljósmyndum, munum og heimildum tengdum ljósmyndaiðkun atvinnu- og áhugaljósmyndara, þar má nefna negatívum og pösítívum, glerplötum, filmum, myndaalbúnum og rafrænum ljósmyndum.

Einnig safnar Ljósmyndasafn Reykjavíkur ljósmyndum í römmum eða öðrum hlutum sem ljósmyndir eru geymdar í. Myndavélum, linsum, ljósum og öðru úr starfi ljósmyndara er einnig safnað. Leitast er við að að afla myndasafna sem endurspegla sem best íslenskan ljósmyndaarf, með áherslu á myndefni sem tengist Reykjavík.

Samtímasöfnun

Hvað varðar fjöldaframleidda gripi úr samtímanum og mjög stóra gripi er hugmyndafræði og vinnuaðferðir í anda SAMDOK höfð til hliðsjónar. Brýnt er fyrir safnið að fylgjast með og taka þátt í alþjóðlegri samræðu safna um samtímasöfnun. NORSAM eru Norræn samtök safna sem fjalla sérstaklega um samtímasöfnun, þróun, aðferðir og rannsóknir og hefur safnið tekið þátt í verkefnum NORSAM. COMCOL er deild innan alþjóðasamtaka safna, ICOM, sem fjallar um söfnun og samtímasöfnun og gefur út fréttabréf. Borgarsögusafnið á aðild að COMCOL.

Söfnunarnefnd

Borgarsögusafn skipar söfnunarnefnd sem fundar reglulega. Hún tekur afstöðu til gjafa sem bjóðast safninu með tilliti til söfnunarstefnu og hlutverks safnsins. Einnig fjallar hún um tillögur um grisjun safnkosts í samræmi við gildandi safnalög og reglur.

Móttaka gripa

Starfsfólk Borgarsögusafns velur gripi til varðveislu út frá söfnunarstefnu safnsins. Söfnunarnefnd tekur afstöðu til gjafa út frá söfnunarstefnu og hlutverki safnsins. Söfnunarnefnd ber ábyrgð á söfnunarstefnu og grisjunarstefnu.

Grisjun

Grisjun á safnkosti Borgarsögusafns Reykjavíkur fer fram samkvæmt Safnalögum, Siðareglum ICOM og samþykktum safnsins í samráði við Safnaráð. Söfnunarnefnd Borgarsögusafns mótar grisjunaráætlun og leggur fyrir Safnaráð.

Vinnureglur

Borgarsögusafn Reykjavíkur fylgir siðareglum ICOM, Alþjóðlega safnaráðsins varðandi safngripi. Út frá þeim forsendum hefur safnið sett sér eftirfarandi viðmiðunarreglur:

- a. Borgarsögusafn Reykjavíkur verður að afþakka grip ef ekki er hægt að varðveita hann við góð skilyrði á öruggum stað.
- b. Borgarsögusafn Reykjavíkur þiggur ekki gripi ef þeim fylgja kvaðir. Gripir lánaðir tímabundið á sýningar eru ekki skráðir inn sem safngripir og eru á ábyrgð miðlunardeildar.
- c. Borgarsögusafn Reykjavíkur þiggur ekki muni sem vafi getur leikið á um hvort eigandi hefur aflað á heiðarlegan hátt eða hefur heimild til að ráðstafa af öðrum ástæðum.
- d. Borgarsögusafn Reykjavíkur virðir söfnunarstefnu annarra safna, bæði almennra og sérhæfðra. Safnið leitast við að hafa gott samstarf við önnur söfn ef söfnunarsvið þeirra skarast.
- e. Borgarsögusafn Reykjavíkur velur hvern safngrip/myndasafn eða vísar til söfnunarnefndar sem metur aðföng í boði. Þó gjöf sé þegin þá getur svo farið að gripir reynist ekki hafa það sögulega gildi sem ætlað var. Þá er gripnum annað hvort skilað til fyrri eiganda, þeir gefnir öðrum söfnum eða fargað.
- f. Við skráningu og meðferð safngripa skal farið eftir skráðum verkferlum. Við skráningu lausra muna er leitast við að taka saman helstu upplýsingar, skriflegar og munnlegar, um gripinn.
- g. Útlán. Safngripir eru aðeins lánaðir viðurkenndum söfnum, aldrei einstaklingum. Sérstakur samningur er gerður milli safnsins og lánþega. Allur kostnaður skal greiddur af lánþega, þar með talda tryggingar, forvarsla, pökkun og flutningur.